

L Ö G

um breyting á lögum nr. 6/1971, um Hótel-
og veitingaskóla Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans. Ráðherra skipar sex manna skólanefnd. Skulu fimm nefndarmenn skipaðir samkvæmt tilnefningu eftirtalinnna samtaka:

Einn eftir tilnefningu Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda.

Einn eftir tilnefningu Félags framreiðslumanna.

Einn eftir tilnefningu Félags matreiðslumanna.

Einn eftir tilnefningu Matsveinafélags Sjómannasambands Íslands,

og skulu þeir allir skipaðir til fjögurra ára í senn.

Einn skal skipaður til eins árs í senn, eftir tilnefningu Félags matreiðslu- og framreiðslunema í Hótel- og veitingaskóla Íslands.

Hinn sjötta skipar ráðherra án tilnefningar og skal hann vera formaður skólanefndar.

Ef atkvæði í skólanefnd verða jöfn, sker atkvæði formanns úr um afgreiðslu þess máls, sem um ræðir hverju sinni.

Skólastjóri hefur á hendi daglega stjórn skólans og fjárreiður hans.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 46 16. apríl 1971, um lögsagnarumdæmi Hafnar-
fjarðarkaupstaðar, og um heimild fyrir Hafnarfjarðarkaupstað
að taka eignarnámi landspildu í Hafnarfirði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. 2. mgr. A. 1. liður laga nr. 46 16. apríl 1971 orðist svo:

Bein lína úr „Balaklöpp“ við vesturenda Skerseyrarmalar í punkt, sem er hnit x 24.254.20, y 10.526.96, þaðan í punkt x 24.254.20, y 10.602.04, í punkt x 24.343.90,